

## MATARHLÉ

Aðalheiður Magnúsdóttir bauð upp á saltfisk í síðasta tölublaði og skoraði á Stefán Gunnarsson, yfirverkstjóra garðyrkjumála, að töfra fram góða uppskrift. Hann býður upp á gæs að sínum hætti, enda vel við hæfi núna þegar tími villibráðar er í hámmæli.



### Gæs að hætti Stefáns

#### Hráefni: Aðferð:

1 gæs (2-2 ½ kg) Hreinsið gæsina vel að utan og innan og þerrið. Eplið flysjað og sneitt,  
1 epli fjarlægjið steinana úr sveskjunum.  
60 g sveskjur salt Gæsin er fyllt með epli og sveskjum,  
pipar síðan er salti og pipar blandað í skál og  
nuddað utan á gæsina með höndunum.  
Setjið gæsina í ofnskúffu og hellið vatni í. Steikið gæsina í 200°C heitum ofni í tvo tíma, bætið vatni út í ef þarf, þannig að soðið verði a.m.k. 7 ½ dl. að steikingu lokinni.



#### Sósan:

25 g smjörliki Bræðið smjörlikið, blandið hveitinu saman við svo og soðinu af gæsinni.  
50 g hveiti  
7 1/2 dl soð af gæsinni Bragðbætið með kjötkraftinum  
kjúklingakraftur og sjóðið í fjórar mínútur. Setjið  
40 g gráðostur gráðostinn og rifsberjahlaupið út í og  
2 msk rifsberjahlaup sjóðið. Hellið að lokum rjómanum út í,  
1 dl rjómi hrærið vel.

#### Elpasalatíð:

300 g kínakál Saxið kínakálið, flysjið eplið og skerið í bita. Blandið saman majonesi og  
1 epli sýrðum rjóma, bragðbætið með sykri og  
150 g majones eða léttmajones ediki. Blandið kínakáli og epli varlega  
180 g sýrður rjómi saman við majonesblönduna.  
2 msk sykur  
1 1/2 msk edik

**Gott að bera fram með brúnuðum kartöflum og rifsberjahlaupi.**

**Stefán skorar á Þorgerði Guðlaugsdóttur, aðstoðarskólustjóra í Giljaskóla, að birta einhverja skemmtilega uppskrift í næsta tölublaði.**

## GOTT AÐ VITA

### Sveigjanlegur vinnutími

Í fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar er verkefni um samræmingu starfs og einkalífs sem gengur út á það að Akureyrarbær verði öðrum vinnustöðum fyrirmynd með því að skapa starfsmönnum sínum aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.

Gert er ráð fyrir að starfsmönnum sé gert kleift að minnka starfshlutfall tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar, t.d. vegna umönnunar barna og sjúkra á heimili. Þá skuli starfsmenn eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa. Skipaður hefur verið starfshópur um verkefnið sem mun leggja fram frekari tillögur.



Nú er í fullum gangi innleiðing á fjárhagshluta SAP-upplýsingakerfa sem munu færa alla umsýslu á þessu sviði nær nútímalegum háttum og er hluti af rafrænni stjórnsýslu hjá Akureyrarbæ. Myndirnar hér að ofan eru teknar í kennslustund í Rósenborg.



Útgefandi: Akureyrarbær  
Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson  
Ritnefnd: Ingunn Helga Bjarnadóttir, Ragnar Hólm,  
Sóley Helga Björgvinsdóttir og Þórgnýr Dýrfjörð  
Netfang: akureyri@akureyri.is  
Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprént

# Innanbæjar KRÓNKA

5. töl. 1. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Nóvember 2006



### NÝ STARFSMANNAHANDBÓK Á NETINU

Lengi hefur verið ætlunin að gefa út starfsmannahandbók þar sem starfsfólk Akureyrarbæjar getur fundið á einum stað allt sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.s.frv. Nú hefur þessi draumur orðið að veruleika því ný starfsmannahandbók hefur litið dagsins ljós á vefnum [www.akureyri.is/starfsmannahandbok](http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok) sem er eins konar undirsíða á heimasíðu bæjarins - Akureyri.is.

Í starfsmannahandbókinni er að finna ýmsan fróðleik svo sem upplýsingar fyrir nýja starfsmenn og upplýsingar um simenntun, kjaramál, jafnréttismál, vinnuvernd o.fl. Einnig verða á forsiðu starfsmannahandbókarinnar fréttir sem varða beint starfsfólk bæjarins, hvort heldur sem er hagsmunum þess eða jafnvel tilkynningar um skemmtanir og annað þviumlíkt.

Ennþá er starfsmannahandbókin í þróun og þess vegna eru allar góðar ábendingar um efni og framsetningu vel þegnar. Þær má senda á netfangið [ingunn@akureyri.is](mailto:ingunn@akureyri.is).

Ritstjórn Innanbæjarkrónikunnar hvetur starfsfólk til að skoða starfsmannahandbókina og vera duglegt við að nýta sér þær upplýsingar sem þar er að finna.

## GAMLA MYNDIN



Í samstarfi við Minjasafnið birtum við nú öðru sinni gamla mynd frá Akureyri. Þessi mynd er tekin á sjöunda áratugnum á Pálmholti þar sem var barnaheimili. Gaman væri að heyra frá ykkur ef þið þekkið greinilega einhverja af krökkunum, en spurning dagsins er hins vegar þessi:

### Hvað heitir konan lengst til hægri á myndinni?

*Í verðlaun fyrir rétt svar er tveggja daga kort í Hlíðarfjall.*

Í síðasta tölublaði var spurt um tiltekið svæði hér innanbæjar og voru margir með rétt svar. Myndin var tekin á Eiðsvelli og í bakgrunni voru hús við Norðurgötu. Dreigið var úr innsendum svörum og hlýtur Lilja Geirsdóttir, skólalíði í Síðuskóla, mánaðarkort í Sundlaug Akureyrar í verðlaun fyrir rétt svar.



Ingunn Helga Bjarnadóttir, ritnefndarmaður Innanbæjarkróniku, afhendir Lilju Geirsdóttur verðlaunin.

## SJÁLFSAGÐIR HLUTIR

Um langt árabíl hafa garðyrkjumenn hjá Akureyrarbæ séð um að skreyta bæinn fyrir jólin. Líklega fer í þetta óheyrilegt magn af perum, skrauti, festingum og þess háttar, að ónefndum öllum vinnustundum starfsmanna Framkvæmdamiðstöðvar. Okkur hjá Krónikunni lék forvitni á að vita hvernig þetta gengi fyrir sig og til svara varð Stefán Gunnarsson, yfirverkstjóri, sem kemur raunar einnig við sögu annars staðar í blaðinu okkar og þá sem matgæðingur!

„Við förum að huga að skreytingum um miðjan október,“ sagði Stefán. „Þá er farið yfir það sem talið er nauðsynlegt að breyta frá fyrri vertíð. Sums staðar þarf að setja upp fleiri seríur því trén stækka og annars staðar þarf að laga festingar eða breyta raflögnum. Við byrjum síðan að skreyta u.þ.b. viku af nóvember og uppsetningin tekur rúmlega hálfan mánuð.“

### En magnið? Fara ekki til að mynda þónokkuð margar ljósaperur í allar þessar skreytingar?

„Það eru settar upp 142 seríur á meira en tuttugu stöðum með rúmlega 10.800 ljósum. Þar að auki eru settar upp stjörnur og fastar skreytingar á átta stöðum með um 500 perum. Samtals meira en 11.300 ljós, eða ríflega 2 tonn af trjám, skrauti, spennubreytum, framlengingasnúrum, stögum og festingum. Þá er ótalið allt það skraut sem er á vegum Norðurorku og annarra stofnana bæjarins. Það fara um 550 stundir í uppsetningu og frágang á hverju ári og u.þ.b. 80 til 90 stundir í viðhald í desember, en það er þó mjög háð veðri. Árlega má gera ráð fyrir að þurfi að skipta um 2.000 perur. Síðan er farið í að tina þetta niður eftir þrettándann og yfirfara. Venjulega er búið að ganga frá öllu skrauti í geymslu í byrjun febrúar.“

### En hvað með jólatré? Þau eru fleiri en bara á Ráðhústorgi, ekki satt?

„Jú, það eru sett upp fjögur hverfistré, þ.e. í Giljahverfi, Síðuhverfi, Lundahverfi og við Miðhúsabraut. Síðan er það aðaltréð á Ráðhústorgi en það er gjöf frá Randers í Danmörku. Akureyri varð vinabær Randers árið 1946 og upp úr því fóru þeir að senda okkur jólatré. Þetta er því um 60 ára gömul hefð. Tréð á torginu er að jafnaði um 12 metra hátt og á það fara 400 ljós og tekur jafnan einn og hálfan til tvo daga að koma því upp og skreyta. Við það þarf tvo kranabíla og fjóra starfsmenn að lágmarki. Það er von okkar á Framkvæmdamiðstöð að fólk kunnir að meta þessa upplýftingu í skammdeginu,“ sagði Stefán að lokum.

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Þjónustuauddyrið að Geislagötu 9 má kalla andlit bæjarins út á við. Þangað leitar fólk eftir alls kyns upplýsingum og þjónustu. Sigrún Björnsdóttir brosir við hverjum sem þangað mætir og hefur gert í 7 ár. Nú gefst lesendum kostur á að kynnast örlítið hinni hliðinni á Sigrúnu.

### Hvað ertu að gera?

Svara í síma, afgreiða gesti sem koma í Ráðhúsið með ýmis erindi og sjá um ýmsar skráningar.

**Hvaðan ertu?** Fædd og uppalin á Akureyri.

**Fjölskylduhagir?** Ég er gift, á þrjá syni og fimm sonarsyni.

**Helstu áhugamál?** Fjölskyldan, göngutúrar um Akureyri og nágrenni, lesa og hlusta á góða tónlist.

**Hvar vildirðu helst búa?** Á Akureyri eða bara við Eyjafjörðinn.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Æi, ekkert í augnablikinu.

**Er líf á öðrum hnöttum?** Líklega í einhverri mynd.

**Trúirðu á Guð?** Já, á það góða í tilverunni.

**Uppáhaldslagið þitt?** Ást eftir Magnús Sigmundsson við texta Sigurðar Nordal.

**Uppáhaldsmatur?** Lax og lamb í ýmsum útgáfum.

**Uppáhaldsbókin?** Skuggi vindsins eftir Carlos Ruiz Zafón.

**Hvernig verður veðrið í nóvember?** Ekta nóvemberveður.